

Fundur stjórnar foreldrafélags Hofsstaðaskóla

26. janúar 2023 kl 17:00, á kennarastofu Hofsstaðaskóla

Mættar voru: Kristín L. Bjarnadóttir, Svala Ásbjörnsdóttir, Kristjana Steingrímsdóttir, Þorgerður E. Brynjólfssdóttir og Helga R Helgadóttir.

Dagskrá:

1. Umræða um stöðu myglumála í Hofsstaðaskóla
2. Samantekt um fund með bæjaryfirvöldum 10. janúar 2023
3. Starfsemi foreldrafélagsins á vor önn
4. Önnur mál

1. Umræða um stöðu myglumála

Foreldrafélagði í Hofsstaðaskóla hvarmar þá stöðu sem komin er upp og ekki hafi verið upplýst um skýrslu sem gerð var árið 2021 af verkfræðistofunni Mannviti. Stjórn foreldrafélagsins fékk fyrst upplýsingar um tilvist þessarar skýrslu í lok október 2022.

Skólastjóri hefur haldið foreldrum upplýstum um gang mála jafn óðum. Foreldrafélagið mun kalla eftir frekari upplýsingum frá skólastjórnendum um ábendingar sem hafa borist, jafnframt leggja áherslu á að upplýsingafundur verði haldinn fyrir alla foreldra um leið og allar niðurstöður liggja fyrir.

2. Fundur með bæjaryfirvöldum 10. janúar 2023

Fulltrúar frá foreldrafélagi Hofsstaðaskóla voru boðaðir á fund með fulltrúum Garðabæjar og skólastjórnendum Hofsstaðaskóla. Þar var farið yfir hvernig verklagi væri háttað á svæðum sem hafa verið lokuð. Sagt var frá aðgerðum sem er í gangi, loftgæðamælingar sem settar hafa verið upp. Sýnatökur voru framkvæmdar í skólanum milli jóla og nýárs og niðurstöður væri að vænta í janúar. Verkfræðistofan Mannvit sér um gæðaeftirlit með verktökum Garðabæjar. Aðgerðaráætlun er í vinnslu og ætti að vera tilbúin þegar frekari niðurstöður úr sýnatökum liggja fyrir.

3. Starf foreldrafélagsins á vorönn

Fyrirhugað er að hafa páskabingó þann 28. mars 2023, með svipuðum hætti og í fyrra.

4. Önnur mál

Ekki voru önnur mál rædd

Fundi slitið kl. 18:36